

Kalka
sorpeyðingarstöð sf.
Ársreikningur
2024

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær
kt. 531278-0469

Kalka
sorpeyðingarstöð sf.
Ársreikningur
2024

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-3
Áritun óháðra endurskoðenda	4-5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-13

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsins er m.a. rekstur sorpbrennslu- og móttökustöðvar í Reykjanesbæ og rekstur gámaplana í Vogum og Grindavík.

Starfsemin á árinu

Hagnaður félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	203.904.794
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	1.947.550.897
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	1.189.045.841
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	61%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	20,29

Árið 2024 var ár mikilla breytinga í Kölku líkt og nokkur síðustu ár. Lokaskrefið í innleiðingu fjögurra flokka söfnunar frá heimilum var stigið og nýir samningar við verktaka um söfnun frá heimilum tóku gildi í byrjun febrúar. Rekstur brennslunnar gekk ágætlega þótt öflun á heppilegu efni hafi ekki verið svona erfið á síðari árum. Brennt var rúmlega 12.100 tonnum á árinu eða rúmum 600 tonnum meira en árið áður. Brennslan var vel yfir meðalbrennslu síðustu 10 ára.

Á síðasta ári var gífurlegu magni brennsluefnis skipað út í Reykjavík og það flutt til brennslu erlendis. Um 700 tonn af efni frá Suðurnesjum fór í þennan farveg og skýrir það að hluta rúmlega 1200 tónna aukningu í endurvinnslu og endurnýtingu í magntölum Kölku. Síðasta ár var líka fyrsta árið þar sem nánast allt lífrænt efni frá söfnun frá heimilum á Suðurnesjum fór í gas- og jarðgerð hjá Sorpu.

Kostnaður vegna launa og tengdra gjalda hækkaði um 4,6% frá fyrra ári, sem er talsvert undir þróun launavísitölu. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af almennri launaþróun. Stöðugildi við Kölku töldust 20 á síðasta ári eða einu minna en síðustu ár.

Í samræmi við áherslur stjórnar á gott ástand stöðvarinnar voru viðhaldsverkefni síðasta árs talsvert umfangsmikil en þó ekki á við árið 2023. Meðal annars var skipt um gufustjórnloka, lokið við endurfóðrun innmötunarbúnaðar og eldmúr milli eftirbrennslu og ketils var endurnýjaður. Auk viðhaldsverkefna var áfram unnið að því að bæta aðstöðu í Helguvík m.a. til að fjölga hreinum flokkum í söfnun og auka geymslupláss fyrir endurvinnsluefni. Kalka leitaði á síðasta ári til erlendra sérfræðinga og fékk góð ráð um breytingar á kælingu eftirbrennslu. Þær breytingar lofa góðu en er ekki að fullu lokið.

Mikil áhersla var lögð á þátttöku í samstarfsverkefnum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis, m.a. á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga og samstarfsvettvangs sveitarfélaganna á SV horninu. Þar þar hæst áframhaldandi vinna að undirbúningi nýrrar sorpbrennslu en einnig var töluvert fjallað um Úrvinnslusjóð, þátt hans í breytingaferlinu o.fl. Kalka tók frumkvæði að skoðunarferð til Finnlands þar sem skoðaðar voru tvær nýlegar sorporkustöðvar af þeirri stærð sem myndu henta hér á landi. Tæplega 30 manns fóru í ferðina, þar af var tæpur helmingur af Suðurnesjum.

Hluthafar

Í lok árs voru jafn margir eignaraðilar félagsins og í byrjun árs eða fjórir að tölu, sem eru:

	Hlutdeild
Reykjanesbær	75,57%
Suðurnesjabær	13,16%
Grindavíkurbær.....	4,85%
Sveitarfélagið Vogar.....	6,42%
	100,0%

Tillaga til aðalfundar

Markmið stjórnar Kölku er að styrkja eiginfjárlutfall félagsins um a.m.k. 3% á ári. Það er gert með viðhaldi og endurfjárfestingu sem fjármagnað er af rekstrarafgangi og með því að greiða niður lán. Það mat stjórnar félagsins að áfram þurfi að gera vel í viðhaldi stöðvarinnar á komandi árum og að yfirstandandi breytingar muni kalla eftir áframhaldandi fjárfestingum í bættri aðstöðu. Á síðasta ári hefur verið unnið að undirbúningi byggingar nýs geymslu- og þjónustuhúss í Helguvík og fyrirhugað að hefja framkvæmdir á þessu ári. Stjórn félagsins leggur því til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Skýrsla stjórnar

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 8. apríl 2025

Í stjórn

Önnundur Jónasson
Stjórnarformaður

Svavar Grétarsson

Eiður Ævarsson

Framkvæmdastjóri

Steinþór Þórðarson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

K. Ragnheiður Eiríksdóttir

Ingbór Guðmundsson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Kölku sorpeyðingarstöð sf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kölku sorpeyðingarstöð sf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðra endurskoðenda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær 8. apríl 2025

Deloitte ehf.



Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Sorpeyðing		877.101.522	823.136.961
Sorphirðutekjur		476.078.405	308.377.341
Greiðslur vegna endurvinnslu		12.437.568	9.794.094
Aðrar tekjur		5.922.314	3.644.970
		<u>1.371.539.809</u>	<u>1.144.953.366</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	(391.196.873)	(373.839.545)
Rekstur sorpeyðingarstöðvar		(140.700.041)	(143.785.986)
Aðkeypt sorpeyðing		(206.355.167)	(107.488.890)
Rekstur sorphirðingar		(294.175.565)	(188.120.599)
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		(11.714.076)	(22.170.508)
Afskriftir fastafjármuna	6	(81.315.104)	(72.877.014)
		<u>246.082.983</u>	<u>236.670.824</u>
Rekstrarhagnaður			
Fjármunatekjur		17.606.180	14.991.022
Fjármagnsgjöld		(59.784.369)	(70.871.302)
	5	<u>(42.178.189)</u>	<u>(55.880.280)</u>
Hagnaður ársins			
		<u><u>203.904.794</u></u>	<u><u>180.790.544</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	1.448.622.299	1.441.669.484
Eignarhlutar í dótturfélögum	7	500.000	500.000
		<u>1.449.122.299</u>	<u>1.442.169.484</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		16.050.000	18.075.000
Viðskiptakröfur		73.041.525	128.599.011
Kröfur á tengd félög	10	78.765.323	141.839.558
Aðrar skammtímakröfur		45.000	45.000
Handbært fé		330.526.750	84.676.656
		<u>498.428.598</u>	<u>373.235.225</u>
Eignir		<u>1.947.550.897</u>	<u>1.815.404.709</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	8		
Stofnframlög sveitarfélaga		200.050.000	200.050.000
Sérstakur endurmatsreikningur		329.826.589	341.371.376
Óráðstafað eigið fé		659.169.252	443.719.671
Eigið fé		<u>1.189.045.841</u>	<u>985.141.047</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	9	483.983.599	543.942.247
Lífeyrisskuldbinding		95.070.367	94.512.862
		<u>579.053.966</u>	<u>638.455.109</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		68.587.534	78.616.580
Næsta árs afborganir langtímaskulda	9	17.472.228	18.147.247
Skuldir við tengd félög	10	333.681	333.681
Aðrar skammtímaskuldir		93.057.647	94.711.045
		<u>179.451.090</u>	<u>191.808.553</u>
Skuldir		<u>758.505.056</u>	<u>830.263.662</u>
Eigið fé og skuldir		<u>1.947.550.897</u>	<u>1.815.404.709</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		246.082.983	236.670.824
Afskriftir	6	81.315.104	72.877.014
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna		127.481	56.500
(Söluhagnaður), sölutap fastafjármuna		(215.499)	1.474.591
Hækkun skuldbindinga		557.505	2.041.861
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		327.867.574	313.120.790
Vörubirgðir, lækkun, (hækkun)		2.025.000	(708.449)
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		55.430.005	(93.598.290)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(11.462.647)	67.113.282
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		373.859.932	285.927.333
Innborgaðir vextir og arður		17.606.180	14.991.022
Greiddir vextir		(32.268.413)	(26.480.587)
Handbært fé frá rekstri		359.197.699	274.437.768
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(88.052.420)	(333.640.775)
Lækkun/(hækkun) á kröfum á tengd félög		63.074.235	(140.395.186)
		(24.978.185)	(474.035.961)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(88.369.420)	(16.794.900)
Lækkun á skuldum við tengd félög		0	(263.912)
		(88.369.420)	(17.058.812)
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		245.850.094	(216.657.005)
Handbært fé í upphafi árs		84.676.656	301.333.661
Handbært fé í lok árs		330.526.750	84.676.656

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Kalka sorpeyðingarstöð sf. rekur sorpbrennsluna Köllu og móttökustöð að Berghólabraut 7 í Reykjanesbæ. Félagið hefur auk þess gámaplan í Vogum og Grindavík fyrir úrgang frá heimilum og fyrirtækjum á Suðurnesjum. Kalka sorpeyðingarstöð sf. annast auk þess sorphirðu frá heimilum í samvinnu við verktaka og miðlar flokkuðum úrgangi til endurvinnsluaðila og til brennslu eða urðunar eftir atvikum. Félagið á einnig geymsluhúsnæði að Fitjabraut 10 í Reykjanesbæ.

Kalka sorpeyðingarstöð sf. er í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Eignarhlutur sveitarfélaganna á árinu 2024 með vísan til 5. greinar samþykktu félagsins var eftirfarandi: Reykjanesbær 75,57%, Suðurnesjabær 13,16%, Grindavíkurbær 4,85% og Sveitarfélagið Vogar 6,42%

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun	289.074.151	277.701.273
Hækkun (lækkun) lífeyrisskuldbindingar	557.505	2.041.861
Önnur launatengd gjöld	101.565.217	94.096.411
	<u>391.196.873</u>	<u>373.839.545</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	20	21

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Aðrar vaxtatekjur	17.606.180	14.991.022
	<u>17.606.180</u>	<u>14.991.022</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Fjármagnstekjuskattur	(3.858.946)	(3.165.146)
Gengistap	(5.460)	(4.887)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(53.732.639)	(66.535.171)
Önnur vaxtagjöld	(2.187.324)	(1.166.098)
	<u>(59.784.369)</u>	<u>(70.871.302)</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Sorpbrennsla	Þjónustubyggingar og gámaplön	Gröfur, bílar og lyftarar	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1.1.2023	1.447.528.093	203.665.034	51.684.795	275.793.924	1.978.671.846
Eignfært á árinu	55.564.344	78.894.329	19.709.386	184.062.716	338.230.775
Selt og aflagt á árinu			(10.862.170)		(10.862.170)
Staða 1.1.2024	1.503.092.437	282.559.363	60.532.010	459.856.640	2.306.040.450
Eignfært á árinu	47.975.746	8.242.693	13.357.690	20.786.291	90.362.420
Selt og aflagt á árinu				(2.310.000)	(2.310.000)
Staða 31.12.2024	1.551.068.183	290.802.056	73.889.700	478.332.931	2.394.092.870
Afskriftir					
Staða 1.1.2023	621.743.546	51.248.589	9.596.470	113.702.926	796.291.531
Afskrift ársins	33.927.924	6.476.024	9.178.031	23.295.035	72.877.014
Selt og aflagt á árinu			(4.797.579)		(4.797.579)
Staða 1.1.2024	655.671.470	57.724.613	13.976.922	136.997.961	864.370.966
Afskrift ársins	34.383.709	7.596.228	9.890.352	29.444.815	81.315.104
Selt og aflagt á árinu				(215.499)	(215.499)
Staða 31.12.2024	690.055.179	65.320.841	23.867.274	166.227.277	945.470.571
Bókfært verð					
Staða 1.1.2023	825.784.547	152.416.445	42.088.325	162.090.998	1.182.380.315
Staða 1.1.2024	847.420.967	224.834.750	46.555.088	322.858.679	1.441.669.484
Staða 31.12.2024	861.013.004	225.481.215	50.022.426	312.105.654	1.448.622.299
Afskriftarhlutföll	2-6%	2-4%	12-15%	7-25%	

Sérstakt endurmat
Í árslok 2014 var nýtt heimild 31. greinar laga nr. 3/2006 um ársreikninga til sérstaks endurmats vélbúnaðar Kölku. Endurmatið fólst í að hækka bókfært verð brennslustöðvarinnar til samræmis við núvirði á vélbúnaði Kölku. Verkfræðistofan Mannvit framkvæmdi slíkt mat í lok ársins og var núvirði vélbúnaðarins samkvæmt úttekt þeirra 861,8 milljónir króna, en núvirði er reiknað út frá nývirði, áætluðum líftíma og ástandsmati eigna. Bókfært verð vélbúnaðarins var í árslok 2014 378,1 milljón króna og endurmatið því 483,7 milljónir króna. Endurmatið var afskrifað á árinu 2024 um 11,5 milljónir króna.

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok:	Fasteigna- mat	Váttrygginga- mat
Fasteignir og lóðir	563.980.000	1.171.750.000
Vélar og tæki, eignatryggingar		1.691.929.362
Rekstrarstöðvunartrygging		171.850.588

7. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Berghólabraut ehf., Berghólabraut 7, Reykjanesbæ	100,00%	500.000	500.000
Breyting eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinist þannig:			
		2024	2023
Staða í ársbyrjun		500.000	500.000
Staða í árslok		500.000	500.000

Vegna smæðar dótturfélags og sbr. ákvæði 70. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga er ekki gerður samstæðureikningur.

8. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Stofnframlög sveitarfélaga	Sérstakt endurmat	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2023	200.050.000	352.823.151	251.477.352	804.350.503
Endurmat fastafjárm.		(12.266.336)	12.266.336	0
Hagnaður ársins			180.790.544	180.790.544
Eigið fé 1.1.2024	200.050.000	340.556.815	444.534.232	985.141.047
Endurmat fastafjárm.		(11.544.787)	11.544.787	0
Hagnaður ársins			203.904.794	203.904.794
Eigið fé 31.12.2024	200.050.000	329.012.028	659.983.813	1.189.045.841

9. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir í íslenskum krónum	501.455.827	562.089.494
Næsta árs afborganir langtímask.	501.455.827	562.089.494
	(17.472.228)	(18.147.247)
Langtímaskuldir í árslok	483.983.599	543.942.247

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2024	31.12.2023
Næsta árs afborganir	17.472.228	18.147.247
Afborganir 2026/2025	18.247.608	18.952.583
Afborganir 2027/2026	19.057.398	19.793.658
Afborganir 2028/2027	19.903.124	20.672.058
Afborganir 2029/2028	20.786.382	21.589.439
Afborganir síðar	405.989.087	462.934.509
	501.455.827	562.089.494

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir við lánastofnanir.....	4,35%	4,35%

10. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2024: <i>Upphæðir með vsk</i>	Kröfur	Skuldir	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur
Sveitarfélagið Vogar	2.275.202		76.050	57.152.735
Suðurnesjabær	10.290.466			117.749.086
Grindavíkurbær	9.167.367			45.009.235
Reykjanesbær	57.032.288		11.204.638	683.404.917
Berghólabraut ehf.		333.681		
	78.765.323	333.681	11.280.688	903.315.973
Viðskipti við tengd félög árið 2023: <i>Upphæðir með vsk</i>	Kröfur	Skuldir	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur
Sveitarfélagið Vogar	8.062.305		48.160	46.512.523
Suðurnesjabær	20.464.564			105.102.420
Grindavíkurbær	10.859.106			82.000.617
Reykjanesbær	102.453.583		10.905.265	603.200.032
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum			2.432.190	
Berghólabraut ehf.		333.681		
	141.839.558	333.681	13.385.615	836.815.592

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

11. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

11. Reikningsskilaaðferðir frh.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Verðmatshækkunarir vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir; hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og því færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekens atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárústreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.